

Nr. 1/1999. Fimmtudaginn 29. apríl 1999.
Alþýðusamband Íslands f.h.
Flugvirkjafélags Íslands vegna
Jóns Jósefssonar

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Flugleiða hf.

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Samráð. Ráðningarkjör.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 16. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Arngrímur Ísberg, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16a, Reykjavík fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Jóns Jósefssonar, kt. 160442-2399, Markarflöt 10, Garðabæ.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að ákvörðun Flugleiða hf., dags. 20. október 1998, um breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar hafi verið ólögmat. Jafnframt er þess krafist að umrædd ákvörðun stefnda verði ógilt með dómi.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðar-reikningi.

Dómkröfur stefnda.

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þess er krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Með úrskurði uppkveðnum 1. mars sl. var hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að Jón Józefsson flugvirki er félagsmaður í Flugvirkjafélagi Íslands og starfsmaður Flugleiða hf. Um ráðningarkjör hans fer samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf.

Pann 20. október 1998 ritaði Arnór Þórhallsson deildarstjóri verkfræðideildar, fyrir hönd Flugleiða hf., Jóni Józefssyni flugvirkja bréf þar sem honum var tilkynnt frávikning úr starfi sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna vegna ætlaðra mistaka við framkvæmd starfsins. Jóni var gefinn kostur á að starfa áfram innan sömu deildar, en án stjórnunarlegrar ábyrgðar og fyrir lægri laun. Frávikningin tók þegar gildi, en Jón hélt hins vegar launum fyrir starfið út febrúar 1999.

Stefnandi starfaði frá árinu 1987 sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, eða sem svonefndur „Supervisor Reliability and Maintenance Programs“, sem felst m.a. í því að skrásetja, hafa umsjón með og fylgja eftir viðhaldskröfum fyrir þær flugvélar sem Flugleiðir hf. hafa í rekstri. Inn í upplýsingar er skráður flugtími og ferðafjöldi flugvéla Flugleiða hf. og þær upplýsingar eru síðan notaðar til þess að ákveða hvenær tiltekin viðhaldsverkefni eru framkvæmd. Viðhaldskerfi flugvéla byggist að miklu leyti á handbók sem nefnd er MPD (Maintenance Planning Data) sem hefur að geyma upplýsingar frá hönnunaraðilum þeirrar flugvélargerðar sem í hlut á. Viðhaldskerfið byggist einnig á ýmsum öðrum gögnum, svo sem fyrir-mælum flugmálafyrivalda.

Með bréfi Flugleiða hf. 20. október 1998 var Jóni vikið úr framan-greindu starfi við framkvæmd þessara verkefna. Stefnandi mótmælti frávikningunni með bréfi 23. október sama ár til Vinnuveitendasambands Íslands með vísan til greinar 19.–1. í kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. Með bréfi V.S.Í. 3. desember 1998 var tekið undir sjónarmið Flugleiða hf. um forsendur frávikningarinnar. Í þeim bréfum var stefnanda gefið að sök að hafa ekki gengið frá fjórum lofthæfis-fyrirmælum á eina af vélum félagsins, en tvö þeirra hafi þegar verið komin fram yfir tilskilin tímamörk og sagði jafnframt í bréfi Vinnuveitendasambandsins: „Hún [yfirsjón Jóns] leiddi því til trúnaðar-brests sem gerði það að verkum að félaginu [Flugleiðum hf.] varð nauðsynlegt að endurskoða stöðu Jóns.“ Var ákveðið að stefnandi

léti af störfum sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna, en honum gefinn kostur á því að starfa áfram í verkfræðideild á þeim kjörum sem þar voru í boði, en ekki með stjórnunarlega ábyrgð.

Fram er komið að stefnandi er enn við störf hjá stefnda, en ekki sem eftirlitsmaður og nýtur annarra ráðningarkjara.

Málástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum kjarasamnings sem í gildi er milli Flugvirkjafélags Íslands og Flugleiða hf. Í grein hans nr. 19.–1. segi:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiddi sekt hans í ljós.“

Stefnandi telur að einhliða breytingar Flugleiða hf. á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, þ.e. uppsögn úr umræddu starfi, teljist frávikning og eftir atvikum refsing í skilningi gr. 19.–1. í ofangreindum kjarasamningi.

Stefnandi kveður Flugleiðir hf. hafa gripið til umræddra aðgerða gagnvart Jóni Jósefssyni vegna meintra brota hans í starfi gegn opinberum flugreglum, svo sem augljóst sé af bréfi fyrirtækisins til hans, dags. 20. október sl., og bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl. Ofangreint ákvæði hafi hins vegar að geyma skýr fyrirmæli um málsmeðferð í slíkum tilfellum. Flugleiðir hf. hafi látið undir höfuð leggjast að fylgja þeim. Ákvörðun um frávikningu Jóns hafi verið tekin án samráðs við Flugvirkjafélagið og án þess að dómsrannsókn hafi farið fram. Samkvæmt þessu ákvæði kjarasamnings séu því frávikning eða einhliða breytingar á ráðningarkjörum Jóns, sem Flugleiðir hf. hafi lýst yfir að rekja megi til meintra brota á opinberum flugreglum, ólögmatar.

Stefnandi kveður Flugvirkjafélagið hafa mótmælt aðgerðum Flugleiða hf., sbr. bréf félagsins dags. 23. október 1998, en Flugleiðir hf. hafi hins vegar ekki dregið ákvörðun sína til baka og því sé málsókn nú nauðsynleg.

Stefnandi byggir á því að almennar reglur vinnuréttar um rétt atvinnurekanda til að segja starfsmönnum upp, breyta ráðningarkjörum þeirra, eða til að víkja þeim úr starfi vegna brota eða mistaka, eigi hér ekki við. Ofangreint ákvæði kjarasamnings gangi framur þeim reglum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en það ákvæði veiti kjarasamning-

um réttarheimildagildi og geri þá að nokkru leyti hliðstæða settum lögum. Kjarasamningsákvæðið leggi skyldur á herðar Flugleiða hf. um ákveðna málsmeðferð í málum af þeim toga sem hér er um að ræða og þrengi því þann rétt sem stefndi hefði ef almennar reglur giltu fullum fetum. Hvort sem Flugleiðir hf. hyggist segja upp samningi við starfsmann, sem ofangreint kjarasamningsákvæði eigi við um, að hluta eða öllu leyti, eða jafnvel rifta samningnum, verði fyrirtækið að hlíta reglum greinar 19.–1. um málsmeðferð, ef tilefnið sé meint brot gegn lögum eða opinberum flugreglum.

Stefnandi byggir og á því að ef ekki verði fallist á að um frávikningu í skilningi ofangreinds ákvæðis kjarasamnings hafi verið að ræða, verði að líta svo á að aðgerðir þær sem Flugleiðir hf. gripu til séu refsing í skilningi ákvæðisins. Af þessu leiði að aðgerðir Flugleiða hf. gagnvart Jóni Jósefssyni séu allt að einu ólögmatar, þar sem málsmeðferðin, sem ofangreint kjarasamningsákvæði kveði á um, hafi ekki verið viðhöfð. Í bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 3. desember sl., sé umrædd aðgerð gagnvart Jóni kölluð „stöðubreyting“. Stöðubreyting þessi feli í sér að ábyrgð Jóns Jósefssonar minnki og laun hans lækki, og henni hafi að sögn Flugleiða hf. verið hrint í framkvæmd vegna meintra brota Jóns gegn opinberum flugreglum. Stefnandi telur ekki fara á milli mála að þessar breytingar á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar, sem Flugleiðir hf. tóku ákvörðun um 30. október sl., hafi verið refsing í skilningi ofangreinds kjarasamningsákvæðis og í ljósi þess hljóti dómurinn að verða við kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar.

Stefnandi byggir fyrst og fremst á aðalkjarasamningi Flugleiða hf. og Flugvirkjafélags Íslands, sérstaklega grein 19.–1.

Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að stefnandi, Jón Jósefsson, hafi verið ráðinn sem „Supervisor Reliability and Maintenance programs“ hjá stefnda 1987. Í því hafi falist að hann var yfirmaður viðhaldskerfa stefnda. Hann hafi borið ábyrgð á því að viðhaldskröfur skiluðu sér inn í viðhaldskerfi félagsins til að tilskilið viðhald gæti farið fram. Sér til aðstoðar hafði hann tvo undirmenn.

Um ráðningu stefnanda í það starf hafi gilt ráðningarsamningur hans og stefnda. Almenn ráðningarkjör hans hafi að öðru leyti ráðist af kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands (FVFÍ) og Flugleiða hf.

Við yfirferð á skráningarlistum varðandi lofthæfisskírteini fyrir flugvélar félagsins þann 14. október 1998 hafi komið í ljós að Jón Jósefsson hafði ekki gengið frá fjórum lofthæfisfyrirmælum á eina af vélum félagsins, en tvö þeirra hafi þá verið komin yfir tilskilin tíma-mörk og honum verið ljóst að þau voru ófrágengin. Sú yfirsjón sé mjög alvarleg og hefði getað valdið félaginu miklu tjóni og álitshnekki þar sem flugvélin hafi misst lofthæfisskírteini sitt. Atvikið hafi verið það alvarlegt að forsvarsmenn stefnda töldu sig knúna að ganga á fund flugöryggissviðs flugmálastjórnar til að útskýra það. Hvað flugvélin varðar, þá hafi hún verið kyrrsett á meðan málið var í athugun og þar til nauðsynleg skoðun hafði farið fram.

Stefnanda hafi verið sagt upp stjórnunarstöðu sinni með uppsagnarfresti. Uppsögnin laut einungis að þeim starfsþætti, þ.e. breytingu á ráðningarkjörum, en ekki starfi hans sem flugvirkja að öðru leyti.

Málið hafi síðan verið sérstaklega rætt á fundi með fulltrúum FVFÍ þann 23. október 1998.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að breyting sú á ráðningarkjörum Jóns Jósefssonar sem ákveðin var þann 20. október 1998 hafi verið fullkomlega lögmæt. Hvorki lög né kjarasamningur FVFÍ standi því í vegi að félagið segði honum upp stjórnunar- og ábyrgðarþætti starfs hans með tilskildum uppsagnarfresti. Kjarasamningur FVFÍ taki ekki til slíkra starfa, hvorki hvað varðar laun né tilfærslur úr og í slíkar stöður. Það sé alfarið á valdi vinnuveitanda að skipa þeim störfum sem og öðrum ábyrgðarstöðum innan félagsins. Það leiði auk þess af eðli máls að vinnuveitanda verði ekki gert að hafa mann í slíkri trúnaðarstöðu ef vafi sé á að hann ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt.

Jóni hafi hvorki verið vikið úr starfi né hann sætt refsingu í skilningi gr. 19.–1. í kjarasamningi FVFÍ. Því til stuðnings bendir stefndi á að kröfugerð stefnanda miðast einungis við breytingu á ráðningarkjörum en ekki uppsögn. Jóni hafi staðið til boða áframhaldandi starf hjá stefnda og starfi þar enn.

Stjórnunar- og ábyrgðarstöðum fylgja sérstakar trúnaðarskyldur gagnvart vinnuveitanda þar sem viðkomandi starfsmaður ber ábyrgð á framkvæmd ákveðinna verkefna gagnvart honum. Félagið

verði að geta treyst því að þeim sé sinnt af fullri árvekni. Orsök stöðubreytingarinnar hafi verið óafsakanlegar yfirsjónir sem ósamrýmanlegar hafi verið þeim skyldum sem Jón bar gagnvart félaginu á grundvelli ráðningar sinnar í þá trúnaðarstöðu sem hann gegndi. Ákvæði gr. 19.–1. í kjarasamningi aðila eigi ekki við um stöðubreytingu þessa.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda að það eitt að ákvæðum í kjarasamningi um samráð við FVFÍ eða að rannsókn sé ekki fylgt geti hvorki leitt til ólögmetis né ógildingar ákvörðunar um ráðningarkjör stefnanda.

Með vísan til þeirra sérstöku trúnaðarskyldna sem stefnandi hafði tekist á hendur með stjórnunar- og ábyrgðarstöðu sinni er því mótmælt að stöðubreyting stefnanda hafi falið í sér refsingu í skilningi gr. 19.–1. í kjarasamningi FVFÍ. Brot stefnanda beindist að stefnda. Stöðubreytingin hafi þannig ekki verið tilkomin vegna beinna brota á lögum eða opinberum flugreglum eins og áskilið sé í fyrrgreindu kjarasamningsákvæði.

Stefndi bendir einnig á að samráð við FVFÍ hafi farið fram þann 23. október 1998. Þá hafi verið haldinn fundur með stefnda og FVFÍ þar sem málið hafi verið rætt og FVFÍ sett fram hugmyndir sínar.

Auk þess byggir stefndi sýknukröfu sína á því að samkvæmt íslenskum rétti verði vinnuveitandi ekki skyldaður til að hafa þá starfsmenn í vinnu sem hann ekki vill hafa. Stöðubreyting stefnda verði því ekki ógilt með dómi.

Þá er bent á að stefnandi nýtur betri kjara en kjarasamningur FVFÍ ákveður. Það gildi bæði fyrir stöðubreytinguna og eftir að þóknun hans fyrir stjórnunarlega ábyrgð sé fallin niður. Lögum nr. 55/1980 um starfskjör launþega verði því ekki beitt um ráðningarkjör stefnanda. Þá er því mótmælt að málsmeðferðarákvæði í kjarasamningi verði jafnað til lágmarkskjara í skilningi þeirra laga.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi fyrst og fremst til laga nr. 80/1938, 2. tl. 1. mgr. 44. gr. og kjarasamnings FVFÍ. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Krafa stefnanda, Jóns Jósefssonar, er að viðurkennt verði með dómi að ákvörðun stefnda, Flugleiða hf., frá 20. október 1998 um breytingar á ráðningarkjörum hans, hafi verið ólögmet. Að auki er þess krafist að ákvörðunin verði ógilt með dóminum. Kröfur stefn-

anda og málatilbúnað hans ber að skilja svo að hann telji ákvörðunina fela í sér uppsögn sem brjóti í bága við grein 19.–1. í gildandi kjarasamningi milli Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. frá 29. janúar 1998. Snýst ágreiningur málsaðila í raun um það hvort stefndi hafi með ákvörðun sinni brotið gegn grein 19.–1. í kjarasamningnum. Úrlausnarefni Félagsdóms í máli þessu er að skera úr þeim ágreiningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Grein 19.–1. í kjarasamningnum hljóðar svo:

„Eigi skal refsa eða víkja flugvirkja frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn F.V.F.Í., eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiðir sekt hans í ljós.“

Stefnandi, Jón Jósefsson, er flugvirki að mennt og félagsmaður í Flugvirkjafélagi Íslands. Þann 29. júní 1987 var hann ráðinn í starf eftirlitsmanns viðhaldsverkefna („Supervisor Reliability and Maintenance Programs“) hjá stefnda. Fyrir dómi bar deildarstjóri verkfræðideildar stefnda að stefnandi hafi verið fulltrúi í verkfræðideildinni. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að staða stefnanda hjá stefnda hafi verið slík að stefndi hafi ekki verið bundinn af ákvæðum fyrrnefnds kjarasamnings, þ. á m. gr. 19.–1.

Við skýrslutökur fyrir dóminum kom fram að í starfi stefnanda fólst að sjá um að færa inn í tölvu viðhaldskröfur varðandi einstök loftför samkvæmt fyrirmælum framleiðanda sem staðfest eru og samþykkt af loftferðayfirvöldum í framleiðslulandi loftfarsins. Var skráning þessi liður í því að hlíta m.a. fyrirmælum reglugerðar um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara nr. 443/1976 með áorðnum breytingum. Þá er það eitt skilyrði fyrir lofthæfi loftfars samkvæmt c.-lið 2. mgr. 20. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, að viðhald þess og reglubundið eftirlit sé „í samræmi við reglur og fyrirmæli flugmála-yfirvalda um stjórnun á viðhaldi þess og notkun viðurkenndra viðhaldsstöðva, grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu búnaðar.“ Þegar stefnanda var tilkynnt sú ákvörðun að hann væri leystur undan störfum sem eftirlitsmaður viðhaldsverkefna var tekið fram að honum hafi orðið á alvarleg mistök við frágang fjögurra lofthæfifyrirmæla varðandi eina af flugvélum stefnda. Fyrir dómi bar deildarstjóri verkfræðideildar stefnda að með mistökum sínum hafi stefnandi brotið gegn opinberum fyrirmælum um lofthæfi. Með

Þessu þykir nægilega í ljós leitt, að í mistökum stefnanda fólst brot gegn lögum og opinberum flugreglum.

Með bréfi stefnda þann 20. október 1998 var stefnanda gert að láta af starfi sínu sem „Supervisor Reliability and Maintenance Programs“ vegna fyrrgreindra mistaka sinna. Honum var gefinn kostur á að halda áfram störfum í sömu deild og hann hafði unnið í. Hins vegar urðu þær breytingar á ráðningarkjörum hans, að af honum var tekin sú stjórnunarlega ábyrgð er fólst í starfinu, auk þess sem tekin var af honum þóknun fyrir stjórnunarstarfið eftir að uppsagnarfresti lauk. Með þessari ákvörðun stefnda var stefnandi sviptur þeirri stöðu er hann gegndi hjá stefnda, jafnvel þótt hann starfi áfram innan sömu deildar. Hefur stefnanda þannig verið vikið úr starfi í skilningi greinar 19.–1. í fyrrnefndum kjarasamningi aðila. Það var hins vegar óheimilt nema að höfðu samráði við stjórn Flugvirkjafélags Íslands samkvæmt skýrum fyrirmælum í téðu samningsákvæði. Slíkt samráð bar að hafa áður en endanleg ákvörðun var tekin um að víkja stefnanda úr stöðunni. Það var hins vegar ekki gert. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að taka kröfur stefnanda til greina á þann veg að viðurkennt er að stefndi, Flugleiðir hf., hafi brotið gegn grein 19.–1. í fyrrnefndum kjarasamningi með því að hafa ekki tilskilið samráð við stjórn FVFÍ.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda 200.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir hf., braut gegn ákvæði greinar 19.–1. um tilskilið samráð í kjarasamningi dagsettum 29. janúar 1998 milli Flugvirkjafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands vegna Jóns Jósefssonar, 200.000 krónur í málskostnað.